

**Ed.**

**504. Frumvarp til laga**

[243. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Flm.: Helgi F. Seljan, Oddur Ólafsson, Jón Helgason, Bragi Sigurjónsson.

**1. gr.**

12. gr. laganna breytist svo:

Í stað „Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn“ í 5. málsg. komi: Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til eins árs í senn.

Í stað „Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð“ í 6. málsg. komi: Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 40 000.00 í ríkissjóð.

**2. gr.**

Í stað síðari málslíðar 3. málsg. 16. gr. laganna komi:

Dómsmálaráðuneytið skal gefa út sérstöku áfengiskaupaskírteini með nafnnúmeri og mynd skírteinishafa. Öll sala og afhending áfengis á útsöslustöðum og pósta-afgreiðslustöðvum skal óheimil, nema gegn framvísun þessara sérstöku skírteina. ÁTVR skal skylt að skrá á nafnnúmer hvers kaupanda öll áfengiskaup hans.

**3. gr.**

Síðasta málsg. 20. gr. laganna orðist svo:

Ungmennum yngri en 20 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

**4. gr.**

Á eftir 30. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Gæsluvistarsjóði ber að fjármagna „Leiðbeiningarstöð í ofdrykkjuvörnum“, enda sé hún rekin sem sjálfstæð stofnun. Leiðbeiningarstöðinni ber fyrst og fremst að beita sér að ofdrykkjuvörnum í atvinnulifinu og skipuleggja starf sitt þannig að það náí til allra landshluta. Stöðin taki til starfa strax og aðstaða til skyndiafvötnunar (3—5 sólarhr.) er fengin, en þó eigi síðar en 1. júní 1976.

**5. gr.**

33. gr. laganna breytist svo:

Í stað „10 000— 50 000“ komi: 30 000— 80 000.

Í stað „20 000—100 000“ komi: 60 000—140 000.

Í stað „40 000—200 000“ komi: 80 000—300 000.

Í stað „400“ komi: 1 000.

Í stað „1 000—30 000“ komi: 5 000—80 000.

Í stað „400“ komi: 1 000.

**6. gr.**

34. gr. laganna breytist svo:

Í stað „5 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

**7. gr.**

36. gr. laganna breytist svo:

Í stað „5 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

8. gr.

37. gr. laganna breytist svo:  
Í stað „2 000—20 000“ komi: 5 000— 50 000.  
Í stað „4 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

9. gr.

39. gr. laganna breytist svo:  
Í stað „2 000—20 000“ komi: 5 000— 50 000.  
Í stað „4 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

10. gr.

40. gr. laganna breytist svo:  
Í stað „500—10 000“ komi: 5 000—50 000.

11. gr.

41. gr. laganna breytist svo:  
Í stað „500— 5 000“ komi: 5 000— 50 000.  
Í stað „1 000—20 000“ komi: 10 000—100 000.

12. gr.

42. gr. laganna breytist svo:  
Í stað „500—20 000“ komi: 5 000— 50 000.  
Í stað „1 000—40 000“ komi: 10 000—100 000.  
Í stað „500— 4 000“ komi: 5 000— 50 000.

13. gr.

43. gr. laganna breytist svo:  
Í stað „500—10 000“ komi: 5 000—50 000.  
Í stað „500— 5 000“ komi: 5 000—50 000.  
Í stað „500—20 000“ komi: 5 000—50 000.  
Í stað „500— 4 000“ komi: 5 000—50 000.  
Í stað „100— 500“ komi: 5 000—50 000.  
Í stað „800— 6 000“ komi: 5 000—50 000.

14. gr.

44. gr. laganna breytist svo:  
Í stað „500—5 000“ komi: 5 000—50 000.

15. gr.

45. gr. laganna breytist svo:  
Í stað „1 000— 5 000“ komi: 5 000— 50 000.  
Í stað „2 000—10 000“ komi: 10 000—100 000.

16. gr.

46. gr. laganna breytist svo:  
Í stað „500—40 000“ komi: 5 000—100 000.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var kjörin nefnd skipuð 5 mönnum, einum tilnefndum af hverjum þingflokki, til að kanna stöðu áfengismála í landinu og gera þar á nokkra úttekt.

Nefndin hefur þegar unnið töluvert starf og m. a. viðað að sér mörgum og merkum upplýsingum, sem varpa skýrara ljósi á það mikla vandamál sem hér um ræðir.

Nefndin leitaði til fjölmargra aðila um land allt í þessu skyni og óskaði ekki aðeins upplýsinga, heldur og álits þessara sömu aðila á umfangi þessa vandamáls og leiðum til úrbóta. Gleggsta einkenni þeirra svara, sem nefndin fékk, er ákveðin krafa um breytingar á gildandi löggjöf, en þó alveg sérstaklega um ákveðnari framkvæmd löggjafarinnar.

Í framhaldi af þessu starfi sínu ákvað nefndin að leita eftir því við alþingismenn úr öllum flokkum, að þeir flyttu í frumvarpsformi nokkrar þær breytingar á áfengislögunum, sem nefndin öll er sammála um að fá breytingu á. Þessar breytingar liggja hér fyrir í frumvarpsformi og aðalatriðið er hjá nefndinni að kanna viðhorf Alþingis til breytinga yfirleitt og þá alveg sérstaklega þeirra, sem hér eru beint settar fram.

Annar þáttur málsins mun svo koma fram í formi þingsályktunartillögu um fræðslumál þau, er snert geta á einhvern hátt áfengisvandamálið og hugsanlega lausn þess. Hefur einnig verið leitað til þingmanna um flutning þeirrar tillögu, sem nefndin stendur öll að, en er sérstaklega samin af Herði Zóphaniassyni skólastjóra í Hafnarfirði. Endanlegu álitu mun svo skilað til þingflokka. En nefndin telur málið enga bið þola, að á það komist breyting, og hefur því falið okkur að koma helstu tillögum sínum á framfæri til umræðu og væntanlegrar afgreiðslu.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### **Um 1. gr.**

Þessi grein fjallar um vínveitingaleyfi, annars vegar að leyfistími sé eitt ár í stað fjögurra nú. Stytting leyfistíma veitir ákveðið aðhald og bætt eftirlit. Lögð er hins vegar til tífoldun leyfisgjalds og miðað við lengd leyfistíma er um fertugfalda hækkun að ræða. Nefndin hefði þó gjarnan viljað gera tillögur um enn meiri hækkun, en lætur hér við sitja. Núgildandi upphæð er út í bláinn og svo fáránlega lág, að engu tali tekur.

##### **Um 2. gr.**

Hér er komið að öðru umdeildasta atriði frv., en það er um sérstök áfengiskaupaskírteini. Tvennt veldur tillögugerð af þessu tagi: Annars vegar stórbætt eftirlit með áfengiskaupum unglinga undir lögaldri. Hins vegar auðveldar skráningar-skylda ÁTVR það, að upp megi koma um leynivinsala eða þá, sem af einhverjum annarlegum ástæðum (svo sem fyrir unglinga) kaupa óeðlilegt magn áfengra drykkja. Varatillaga nefndarinnar er um hin venjulegu nafnskírteini í stað sérstakra áfengiskaupaskírteina, sem beinlínis eru sett fram sem nokkur hemill á áfengiskaup almennt, þó skammt muni e. t. v. duga eins og flest annað, sem í þessu efni er gert.

##### **Um 3. gr.**

Hér er um breytingu á 20. gr. að ræða, sem felur í sér m. a. niðurfellingu þessara orða í 1. málslíð 4. málgr.: „nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka“, og tilsvarendi síðar. Um þetta atriði eitt sér og þó einkum um aldurstakmarkið sjálft: 20 ár, 19 ár, 18 ár, hefur mjög verið rætt í nefndinni, enda sitt sýnst hverjum. Hér er þó aðallega um samræmingaratriði að ræða, þ. e. að aðgangur að vínveitingahúsi og leyfi til vínkaupa séu bundin við sama aldur. Hér er miðað við 20 ár, en í nefndinni hefur einnig komið fram, að 18 ára markið kæmi almennt til greina, gegn því að þar yrði betur fylgt eftir með aðhaldi og eftirliti. Grein þessi er m. a. sett fram til umræðna um þetta almennt, og þær upplýsingar, sem nefndin hefur undir höndum um reynslu annarra þjóða, munu þá verða veittar í umræðum og í nefnd deildarinnar.

Þess skal getið, að um samhljóða álit er að ræða erlendis frá um þetta atriði, þ. e. lækkun aldurstakmarks hefur í för með sér enn meiri drykkju, sem færast jafnframt enn neðar í aldursflokkunum.

Um 4. gr.

Hér er rætt um sérstaka leiðbeiningarstöð í ofdrykkjuvörnum sem þýðingarmikinn lið í baráttunni varðandi þá, sem þegar hafa halloka farið, en vilja snúa við. Steinar Guðmundsson, einn nefndarmanna, hefur hér um gert ákveðna tillögu, sem nefndin hefur fallist á, og byggir hana á hugmyndum og starfsemi annarra þjóða í þessu efni þar sem verulegur árangur hefur náðst.

Hér yrði tengingin við atvinnulífið og aðstoð í því efni eitt meginverkefnið.

Nánari grein verður gerð í framsögu og vitnað til ítarlegrar greinargerðar Steinars hér um.

Bent er á það sérstaklega að forsendan sé aðstaða til skyndiafvötnunar.

Um 5.—16. gr.

Hér eru lagðar til verulegar breytingar á sektarupphæðum til nokkurs samræmis við verðlagsþróun síðustu ára. Þarfnast að öðru leyti ekki sérstakra skýringa.